

Forsætisráðherra, félagsmenn í Samtökum atvinnulífsins og aðrir góðir gestir,

Langur vetur er að baki. Efnahagsskellurinn er sá mesti nútímasögunni. Bankakerfið hrundi á einni viku og gengi íslensku krónunnar lækkaði meira en nokkurn gat órað fyrir. Afleiðingarnar eru rekstrarerfiðleikar fyrirtækja og atvinnuleysi. Þetta viðfangsefnið á næstunni fyrir atvinnulífið, stjórnvöld og fólkið í landinu.

Við sem hér erum inni höfum staðið í baráttu við að bjarga fyrirtækjunum, bjarga störfum og halda starfsemi gangandi í nánú samstarfi við starfsfólk okkar. Þetta eru erfiðustu rekstrarskilyrði sem flest okkar hafa upplifað á ævinni. Óvissan hefur verið nagandi og ekki síst hefur það tekið á að sjá starfsmenn okkar í óvissu; um starfið, launin, heimilið, fjárhaginn.

Við þurftum í mörgum tilfellum að lækka starfshlutföll, segja upp fólki og lækka laun á tímum þegar svigrúm fólksins okkar til að taka við skerðingum eða uppsögnum var ekkert.

Mikil óvissa ríkir um rekstrarumhverfið. Við bíðum öll. Jafnvel aflögufær fyrirtæki bíða með framkvæmdir. Við bíðum eftir trúverðugri stefnu sem kemur okkur út úr vandanum. Við höfum margoft heyrt að stjórnvöld styðji við atvinnulífið – vinni með okkur - en því miður hafa veigamestu aðgerðirnar unnið gegn atvinnulífinu en ekki með því.

Verkefni strax

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað hver eru brýnustu hagsmunamál atvinnulífsins; hvernig eigi að koma atvinnulífinu af stað og gera okkur kleift að skapa störf.

Við þurfum að lækka vexti hratt. Það sér hver heilvita maður sem lítur aftur síðustu ár að vaxtastefnan hérlendis hefur verið sem snara um háls atvinnulífsins. Háir vextir hérlendis lama hundruð fyrirtækja í hverjum mánuði og koma þeim úr umferð. Munum að hávaxtastefnan er heimatilbúin og ein stærsta einstaka ástæðan fyrir því hversu illa er komið fyrir landinu okkar.

Við þurfum að koma bönkunum af stað að nýju. Vörumst að festa í sessi ríkisrekstur bankakerfisins. Slíkir bankar munu ekki með góðu móti geta þjónað viðskiptavinum sínum og án aðkomu erlendra aðila mun aðgangur Íslands að erlendum fjármagnsmörkuðum verða takmarkaður. Þrátt fyrir að margir hafi á orði að bankarnir hafi þjáðst af ákvörðunarfælni og í tísku sé að tala niður til bankastarfsmanna tel ég að mörgu leyti að starfsfólk bankanna hafi gert vel í mjög þröngri og erfiðri stöðu. Við þurfum að hvetja þetta fólk til dáða en um leið að leggja allt kapp á að bankarnir fari sem fyrst úr ríkiseigu.

Við þurfum að afnema gjaldeyrishöftin fljótt. Setning laga um gjaldeyrishöft aðfaranótt 29. nóvember 2008 voru mikil mistök og allt of viðamikil aðgerð. Með höftunum var sköpuð meiri vantrú en ella á að gengi krónunnar gæti styrkst. SA vöruðu við því að gjaldeyrishöftin myndu kalla á enn meiri höft sem hefur komið á daginn. Útilokað er að íslensk fjármálafyrirtæki og atvinnulífið almennt fái eðlilega lánafyrirgreiðslu hjá erlendum bönkum á meðan gjaldeyrishöft eru við lýði. Sú staðreynd felur einfaldlega í sér meiri kröfur á niðurgreiðslu skulda og

viðskiptaafgang en efnahagslífið og þjóðarbúið rís undir. Langvarandi gjaldeyrishöft fela því í sér að yfirvofandi hættu á nýrri fjármálakreppu.

Erum við enn að gera mistök?

Samtök atvinnulífsins höfðu varað við afleiðingum þeirra ákvarðana sem stjórnvöld tóku um gjaldeyrishöft, vaxtapólitík og ríkisbanka. Það var ekki hlustað. Nú viljum við að hlustað verði á aðvörunarorð okkar um ýmsar aðgerðir sem fyrirhugaðar eru.

Í fyrsta lagi eru hugmyndir um skattahækkanir mjög varasamar enda mundu þær kalla á meiri vanskil og draga kjark úr fólki – ekki síst unga fólkinu sem vill vinna meira til að koma sér út úr skuldafeni. Þetta síðastnefnda hefur forsætisráðherra réttilega bent á. Mikilvægast er að gefa atvinnulífinu kost á því að auka verðmæti og greiða þannig meiri skatta. Við eigum fremur að horfa strax til þess að fækka skattundanþágum og hvetja til fjárfestinga til lengri tíma í skattkerfinu í stað þess að hækka hlutföll.

Í öðru lagi eigum við að varast hugmyndir um eignarhaldsfélag ríkisins. Nýtum fremur bankana sjálfa og eignarhaldsfélög þeirra til að taka á vandræðum fyrirtækja og leysa þau. Höldum þekkingunni í bönkunum, þar þekkjja sérfræðingar fyrirtækin og hafa unnið með þeim. Höfum að meginmarkmiði að fyrirtæki sem lenda í vandræðum komist sem fyrst aftur á frjálsan markað.

Í þriðja lagi er aðgerðaleysið í ríkisfjármálum áhyggjuefni. Miklu skiptir að ríkisfjármálin verði tekin föstum tókum á næstu fjárlagaárum og ekki síst fyrir árið 2010. Við erum því miður þegar að missa dýrmæt tækifæri á hverjum degi; stjórnkerfið sinnir ekki fjárlagaundirbúningi heldur bíða allir eftir nýrri stjórn. Við megum engan tíma missa. Það þarf að fækka ráðuneytum og auka stjórnunarþekkingu í þeim. Og það þarf pólitískan kjark til þess að fækka stofnunum, auka útboð, koma á samkeppni og draga úr þeirri þjónustu sem ekki getur talist eðlilegur partur af því velferðarkerfi sem við viljum hlúa að. Við þurfum nýskipan í ríkisrekstri. Atvinnulífið er reiðubúið til þess að koma að þeirri vinnu af krafti.

Loks þurfum við að horfast strax í augu við lausafjár- og lánakrísu sem er fylgikvilli bankakreppu. Hér skiptir meðal annars máli að bankarnir komist sem fyrst úr ríkiseigu með liðsinni kröfuhafa þeirra eða annarra fjárfesta.

Ágætu fundargestir,

Mikil vinna hefur farið fram innan Samtaka atvinnulífsins allt frá bankahruninu við að finna lausnir á bráðavanda fyrirtækja og leita leiða til þess að íslenskt atvinnulíf komist aftur á rétta braut. Viðfangsefnin hafa verið mjög fjölbreytt en Samtök atvinnulífsins hafa lagt kapp á að stuðla að farsælli niðurstöðu í mörgum málum með því að efla samstarf við breiðan hóp hagsmunasamtaka og ríkisvalds. Á fyrstu vikum hrunsins efndi SA til daglegra upplýsingafunda með stórum hópi forystufólks úr ýmsum áttum þar sem mál voru reifuð og aðgerðir undirbúnar. SA og ASÍ og unnu náið saman strax eftir fall bankanna og hefur samstarf samtakanna verið gott.

Frá því ég tók við formennsku SA fyrir rétt ári síðan hef ég notið þess að taka við góðu búi forvera minna. Þá vil ég helst nefna það traust sem byggt hefur verið upp á milli SA og samtaka launafólks. Á þetta samstarf hefur reynt mikið á síðustu mánuðum. Það skiptir miklu að samtök á vinnumarkaði efli samstarf sitt á tímum sem þessum, sýni samtakamátt á erfiðum tímum til hagsbóta fyrir alla.

Ég vil þakka starfsliði Samtakanna og aðildarsamtaka einstaklega gott starf á erfiðum tímum. Þar eins og svo víða í atvinnulífinu hafa einstaklingar verið reiðubúnir til að taka þátt í endurreisninni. Það var sama hvert ég eða teymið okkar höfðum samband á fyrstu vikum bankakreppunnar til að leita eftir aðstoð í atvinnulífinu og íslenskum háskólum. Alls staðar bauðst hjálp. Þrátt fyrir að fyrirtækin ættu nóg með sín vandamál voru allir boðnir og búnir að liðsinna við hugmyndavinnu, nánari útfærslur, fundi, tölfræði og hvað annað. Ég held að partur af þeirri bjartsýni, sem ég er oft vændur um, hafi komið til af því að ég naut þeirra forréttinda að finna frá fyrstu hendi hvers konar kraftur er í íslensku atvinnulífi og vilji til að standa saman við að koma okkur út úr vandanum.

Um leið og við höfum tekið fast á aðsteðjandi vanda og beitt öllu okkar afli til að leysa mál og að ná víðtækri sátt um skammtímaaðgerðir höfum við líka lagt áherslu á að atvinnulífið horfi til framtíðar. Við verðum að gera hvorutveggja, taka á aðsteðjandi vanda og birta um leið trúverðuga framtíðarsýn. Tillögur okkar að hagsýnni, framsýnni og áræðinni atvinnustefnu til framtíðar, sem kynntar voru í skýrslu í byrjun ársins, urðu líklega mest lesna efni sem SA hefur gefið út. Það segir margt um vilja fólks og fyrirtækja til þess að horfa fram á veginn – leita lausna.

Hluti af því sem Samtök atvinnulífsins vinna að um þessar mundir er gerð stöðugleikasáttmála á milli stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og samtaka launafólks. Þetta er viðamikil verkefni en tilefnið er ærið. Við þurfum að komast á fast land með viðamikil mál. Við verðum að tryggja að hvorki fyrir kosningar né strax eftir þær hefjist yfirboð á vettvangi stjórn mála í sambandi við ríkisfjármál og fleira.

Danir og Írar hafa beitt svipaðri aðferð og tilraun okkar um stöðugleikasáttmála er nú. Áhersla Dana á að fylgja efnahags- og ríkisfjármálastefnu evrusvæðisins hefur gert þá einbeittari og aðhaldssamari - allar aðgerðir heimafyrir eru metnar á forsendum stöðugleika gagnvart evrunni. Stöðugleikasáttmáli Dana hefur virkað og svo getur orðið um okkar sáttmála ef víðtæk pólitísk sátt næst um hann.

Þau drög sem liggja fyrir um stöðugleikasáttmála byggja á því að kjarasamningarnir sem gerðir voru á síðasta ári fyrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði haldi gildi sínu út næsta ár. Af hálfu SA hefur áhersla verið lögð á breyttar tímasetningar kjarabreytinga sem útfæra þarf í síðasta lagi fyrir júnílok. Samningar annarra takmarkist við kostnaðarauka samninga SA og ASÍ. Aðrar stoðir slíks sáttmála lúta að markmiðum í efnahags-, vinnumarkaðs- og félagsmálum. Stefnan verði sett á að marktæk skref hafi verið stigin til að uppfylla svonefnd Maastricht skilyrði fyrir árslok 2010 sem felst í því að verðbólga verði minni en 2,5%, hallarekstur hins opinbera í samræmi við áætlun stjórnvalda og AGS, að vextir hafi lækkað svo mikið að vaxtamunur gagnvart evrusvæðinu verði minni en 4% og að gengi evru verði á bilinu 130-140 kr.

Markmið sem sett eru til lengri tíma - lok næsta kjörtímabils - eru þau að stöðugleikaskilyrðin hafi öll verið uppfyllt þannig að gjaldmiðillinn hafi verið stöðugur um langt skeið, vextir og verðbólga verið hófleg og jafnvægi hafi náðst í rekstri hins opinbera. Kröftug sókn í atvinnumálum hafi staðið um árábil þannig að 15 þúsund störf hafi skapast á tímabilinu fram til ársins 2013 og atvinnuleysi verði komið niður fyrir 5%. Landsmenn hafi árið 2013 endurheimt þau lífskjör sem þeir bjuggu við á síðasta ári. Þessi markmið nást því aðeins að hagvöxtur verði á bilinu 4-4,5% að jafnaði á árunum 2011-2013. Til þess að það verði að veruleika þarf að endurheimta traust og tiltrú á íslenskt efnahagslíf, þannig að innlendir og erlendir fjárfestar hætti fjármunum sínum til uppbyggingar hér á landi og lánaviðskipti við erlenda banka komist í eðlilegt horf á ný.

Á grundvelli víðtækrar samstöðu um slíka framtíðarsýn er hægt að binda vonir um að gera megi kjarasamninga til lengri tíma í árslok 2010 sem staðfesti markmiðin um varanlegan stöðugleika í íslensku atvinnulífi. Þessa tilraun um stöðugleikasáttmála verðum við að gera hérlandis og takist hún er það stórt skref í átt til meiri verðmætasköpunar.

Evrópa

Órjúfanlegur partur af framtíðarsýn lýtur að Íslandi sem þjóð á meðal þjóða og gjaldmiðli okkar.

Innan Samtaka atvinnulífsins eru skiptar skoðanir um aðild að Evrópusambandinu. Fyrir liggur að aðildarfélög með 60% atkvæðavægi í samtökunum hafa ályktað um að sækja beri um aðild að sambandinu en samtök sjávarútvegsins eru því andvíg. Í kjölfar mikillar ESB umræðu innan samtakanna síðast liðið haust og skoðanakönnunar meðal félagsmanna tók stjórn samtakanna þá ákvörðun að SA myndu ekki beita sér fyrir aðild Íslands að ESB og upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi. Hins vegar væri mikilvægt að SA væri virkur þátttakandi í Evrópuumræðunni. Í samtökunum og í þjóðfélagsumræðunni togast á sjónarmið sem eru almenns eðlis og hagsmunir einstakra atvinnugreina, einkum sjávarútvegs og matvælaframleiðslu.

Almennu sjónarmiðin lúta að því að með íslensku krónunni sé borin von til þess að hér myndist þau starfsskilyrði fyrir atvinnulíf sem nauðsynleg eru til þess að aðvinnulífið vaxi og dafni. Þessi almennu skilyrði snúa að vaxtastigi, verðbólgu og launabreytingum sem hafa verið margfalt hærrí hér á landi en í viðskiptalöndunum á undanförunum árum og áratugum. Slík skilyrði hamli gegn nauðsynlegum fjárfestingum, innlendum sem erlendum, og takmarki erlenda samkeppni. Að auki stuðli sjálfstæður gjaldmiðill að agalausri hagstjórn. Gegn þessum almennu sjónarmiðum fyrir aðild eru þau rök að með aðild afsali Íslendingar sér forræði yfir sjávarútvegsauðlindinni, tapi hlutdeild í sameiginlegum flökkustofnum og að fjárfestingar útlendinga geti leitt til þess að arðurinn af sjávarútveginum hverfi úr landi. Aðild feli einnig í sér að tollvernd innlendirar landbúnaðarframleiðslu gagnvart samkeppnisvörum framleiddum í ESB félli niður sem myndi draga úr framleiðslu og sumar greinar landbúnaðar legðust af.

Niðurstaða umræðunnar er þrátefli. Við komumst hins vegar ekki undan því að finna leiðir til að verða hluti af stærra gjaldmiðilssvæði. Nærtækasti kosturinn er að sækja um aðild að Evrópusambandinu og láta reyna á hvert við komumst í slíkum

viðræðum með sjálfsforræði í auðlindamálum okkar. Það er hins vegar deginum ljósara að mínu mati að ef á einhverja mun halla í samningum við ESB þá er það sjávarútvegur og landbúnaður. Spurningin er hvort aðrir hagsmunir vegi þyngra en þeir hagsmunir þegar upp er staðið. Það getum við aðeins áttað okkur á með viðræðum um aðild. Ef við metum það svo að ekki sé nægilega komið til móts við kröfur okkar þá verður einfaldlega engin samningsniðurstaða og ef samningar nást en þjóðin metur það svo að hann sé ófullnægjandi þá verður ekki af aðild. En hagsmunir þjóðarinnar af því að fá úr því skorið hvort við eigum kost á ásættanlegri lausn eru svo brýnir að óbreytt ástand er ekki viðunandi.

Við vitum ekki hvort róttækar breytingar verði á peningamálum í heiminum þegar þessari verstu heimskreppu frá seinni heimsstyrjöldinni lýkur. Við vitum ekki hvort fram verði bornar hugmyndir um öflugri fjölbjóðlega seðlabanka, enn öflugri myntir og þess háttar. Í þessu umhverfi væri fráleitt að útiloka möguleika á tvíhliða samningi við Evrópusambandið um upptöku Evru hérlendis og aðild okkar að Myntbandalagi Evrópu. Við eigum að reyna þá leið til þrautar samhliða aðildarviðræðum. Við eigum líka að halda áfram að evruvæða atvinnulífið eins og SA hefur kynnt hugmyndir um.

Endurmat

Ágætu aðalfundargestir,

Mörg mistök voru gerð og margir blinduðust af sjálfshólinu og sjálfsdýrkun góðærisins.

Endurmat er nauðsynlegt þegar íslenskt atvinnulíf og þjóðin öll verður fyrir efnahagsáfalli. Í því samhengi biðst atvinnulífið ekki undan gagnrýni enda er mikilvægt að gagnrýna græðgi og óhóf þar sem slíkt hefur ráðið ferðinni. Við þurfum að passa okkur betur á þeirri hjarðhegðun sem verður oft til hérlendis eins og annars staðar. Hún var sannarlega á ferðinni í viðskiptalífinu. Það var enginn maður með mönnum nema fyrirtækið yxi um tugi prósent á ári. Allir töluðu um EBITA eins og um nána frænku og rómantíkin í kringum myntkörfulánin mátti helst líkja við lautarferð heillar þjóðar. Skuldirnar voru hins vegar lítið ræddar enda voru þær til skamms tíma! Innlendu og erlendu eignir Íslendinga hækkuðu mikið í verði í viðskiptum milli íslenskra aðila. Í landinu virtist á tímabili meiri þekking vera á því hvað gjaldmiðlaskiptasamningar væru en hvað uppsjávarfiskur væri. Það segir margt um ástandið.

Við fylgdumst með hvernig ársreikningar bólgnuðu á endurmati og klókindum og hvernig viðhorf til hefðbundins rekstrar á Íslandi breyttust – íslenski markaðurinn þótti hvorki fugl né fiskur. Einn kollegi minn hreykti sér af 12 milljón króna árlegum sparnaði í rekstri fyrirtækisins með bættum vinnuaðferðum við gamlan féлага sem stjórnaði fyrirtæki sem hafði breytt sér úr hefðbundnu rekstrarfyrirtæki - í rekstrar- og fjárfestingarfyrirtæki. Sá staðhæfði á móti að fjárfestingahagnaðurinn deginum áður hjá honum hefði verið tífaldur sá sparnaður. Rekstrarmenn urðu afar smáir og næstum tabú að vera bara á Íslandi.

Það eru rúmlega 5-6 ár síðan íslenskir fjárfestar beindu sjónum sínum að kaupum á lélegum fyrirtækjum í útlöndum. Útrásin hafði hafist fyrir alvöru á því að góður rekstur var keyptur en síðan rann æði á Íslendinga. Sjálfstraustið var slíkt að allt átti að verða að gulli í höndunum á íslenskum athafnamönnum. Jafnvel fyrirtæki sem höfðu aldrei skilað hagnaði og þóttu verðlítill eða verðlaus erlendis voru keypt og smám saman urðu þau að gulli í íslensku bókhaldi. Í þessum efnum skipti reksturinn úti rétt eins og hér heima litlu máli í hinni svokölluðu stóru mynd samruna og veröld hinna stóru talna. Þegar á reyndi var það samt grunnreksturinn bæði hér og úti sem skipti öllu máli.

Við Íslendingar erum fljótir að tileinka okkur hlutina og við vorum fljótir að tileinka okkur slæma siði um leið og þeir birtust í alþjóðlegu fjármálagjöf. Lærum af því.

Við fundum líka fyrir því að nýjar reglur, sem við settum sjálf um stjórnarhætti fyrirtækja og kynntar voru árið 2005 fengu nánast glataðar viðtökur hjá mörgum úr okkar röðum og þeir sem áttu frumkvæðið að þessum reglum fengu fáa vildarpunkta fyrir framtakið. Það sama var uppi á teningnum með yfirtökunefnd. Þar sem viðskiptalífið sjálft hugðist taka frumkvæði og bæta skipulag og gegnsæi var því tekið í besta falli fálega og stundum fordæmt af okkar eigin fólki. Frumkvöðlar eigin reglna viðskiptalífsins urðu að partíbremsum.

Endurmat nú er gott. Það á að leiða til aukins innri styrks og bætts siðferðis í atvinnulífinu og samfélaginu öllu.

Það hefur komið fram í athugunum að gildin okkar Íslendinga virðist hafa breyst á undangengnum áratugum. Til að mynda hefur hógværd vikið fyrir öðrum gildum. Með einhverjum klókindum þurfum við að halda í frumkvæði og kraft íslensks viðskiptalífs en kappkosta að setja á oddinn bæði hógværd og gæði.

Kannski þurfum við sjálf að endurmeta hugtakið velgengni. Kannski þurfum við ekki eina skilgreiningu á velgengni eins og var fyrir skömmu þar sem hún var aðeins mæld í örum vexti. Nú færir okkur best að sjá margar útgáfur af velgengni í fyrirtækjarekstri; fleiri stunduðu langhlaup með traustum undirliggjandi rekstri en aðrir væru sóknjafari. Velgengni í atvinnulífinu felst í arðbærum rekstri í góðri sátt við umhverfið og samfélagið allt.

Nú þarf að auka fjölbreytni og fagmennsku í íslensku atvinnulífi – leggja meira kapp á gæði. Á það við um rekstur fyrirtækja, stjórnir þeirra og stjórnarhætti. Það er t.a.m. klókt að auka núna fjölbreytni í stjórnnum fyrirtækja og í stjórnunarstöðum. Það getur verið ein þeirra leiða sem koma íslensku atvinnulífi fyrr af stað í sókn til bættra lífshjara. Má rekja þær ógöngur sem menn hafa ratað í til of mikillar einsleitni. Einsleitar stjórnir fyrirtækja tóku einsleitar ákvarðanir sem fyrst og fremst miðuðust við að gera eins og hinar einsleitu stjórnirnar gerðu. Við nefndum á síðasta aðalfundi SA að við þyrftum að varast einsleita karlaklúbbinn – þar komumst við nokkuð nálægt kjarnanum.

Þótt flest þeirra þúsunda fyrirtækja sem starfrækt eru í landinu geti með sanni sagt að þau hafi ekki orsakað þann mikla skell sem varð í október þá þarf atvinnulífið að hugsa sinn gang og koma ekki bara með framsækna tillögur um hvernig við sköpum

störf og koma í veg fyrir stöðnun heldur skapa vissu fólks fyrir því að við munum sýna meiri auðmýkt og visku.

Rannsóknin er hafin á hruninu og hópur valinn til þess verkefnis. Þjóðin verður að horfa fram á veginn og við í atvinnulífinu þurfum að læra af mistökum og endurheimta traust fólksins í landinu gagnvart fyrirtækjarekstri og einkaframtaki.

Hugarfarið

Ágætu gestir,

Mesta hættan fyrir íslenskt samfélag er að deyfð færist yfir okkur. Hugarfarið verði í fjötrum rétt eins og krónan og því miður hluti atvinnulífsins með vaxandi ríkisafskiptum og kunnuglegum lausnum um hærri skatta.

Economist sagði í leiðara fyrir skömmu að snilld markaðskerfisins fælist í þvíhversu vel það gæti aðlagast bæði truflunum að innan sem utan. Við þurfum að búa okkur undir það eins og því miður í þessari stuttu bankakreppusögu okkar að stjórnámálamenn munu taka bæði góðar og slæmar ákvarðanir. Sumar ákvarðanir verða teknar vegna nýlegra skoðanakannana og aðrar vegna aukinnar trúar á ríkislausnir. Hættan er sú auðvitað að okkur muni blæða á komandi misserum, fjárfestingar verði takmarkaðar, Ísland einangrist enn frekar og aðal fólkið sé það sem vill birta okkur svæsnustu bölsýnina um komandi ár. Við fáum reglulega holskeflu af svartsýni eins og var í upphafi kreppunnar þegar rætt var um matar- og olíuskort hérlendis, gjaldþrot íslenska ríkisins og óðaverðbólgu.

Ég hef stundum haft á orði að hugarfar þjóðarinnar sé eins og geymslan í gömlu auglýsingunni um spariskírteini ríkissjóðs. Þar úði og grúði af alls kyns dóti, fótanuddtækið, sóðastream o.s.frv. Í geymslunni í huga þjóðarinnar var sagan og skáldin, svo bættust við útrásarvíkingarnir o.s.frv. Síðan kom kreppan og inn í geymsluna streymdu ný viðhorf, einangrunarhyggja, kannski efasemdir um fólk með stórar hugmyndir og andúð á útrás!

Öll hundruð verkefnanna sem voru í undirbúningi í útrás hvers konar þegar kreppan skall á mega ekki vera töluð niður af þjóðinni. Það er hreint ótrúlegt hversu stór hópur íslensks athafnafólks er enn að vinna að sínum uppbyggingarverkefnum utan Íslands – útrásarverkefnum. Verkfræðistofurnar, arkitektastofurnar, upplýsingatæknifólk, hönnuðir, sjávarútvegur og tækni tengd honum og svona mætti lengi telja. Gerum þetta fólk ekki að blóraböggjum þess ástands sem nú hefur skapast. Hvetjum þetta fólk fremur til dáða.

Alvarlegasta ógnunin við framtíð Íslands er ekki skuldsetning heldur að hugarfarið breytist til hins verra. Að við fáum hert hugarfar þar sem kallað er eftir nýju Íslandi, Íslandi þar sem vantrú ríkir á öllu sem viðkemur einkaframtaki og gróða og þar sem þeir sem græða verði útnefndir gróðahyggjumenn og þeir sem tapa eru útnefndir aukvisar. Þarna á milli eru síðan starfsmenn gríðarlegar og vaxandi flóru opinberra fyrirtækja þar sem traustir flokksgæðingar sitja í stjórnnum og gæta hagsmuna hins breiða fjölda landsmanna!

Svona hugarfarsbreyting gerist ekki á einni nóttu en hún læðist aftan að okkur. Ég sá fréttakonu rétta hljóðnemann að forystumanni í atvinnulífi utan Reykjavíkur og spyrja hann“ Er rétt að þið séuð að vinna með auðmanni í þessu verkefni?“

Hugarfarsbreytingin byrjar líka á því að efasemdir eru um heilar atvinnugreinar og nýja sprota. Álver er alls ekki 2009. Það þykir mjög 2009 að tala niður álver og hóta þeim einhliða endurupptöku samninga um skattgreiðslur. Heilsugarður sem flytur inn sjúklinga, eins konar heilsuútrás, er alltof 2007.

Svo skilur enginn af hverju störfín komu ekki, þessi fáu útvöldu störf sem voru í anda nýrrar pólitískrar réttþugsunar. Það er blekking að atvinnulífið skapi 20 þúsund störf fyrir árið 2015 ef þessi viðhorf verða við lýði.

Það hefur aldrei verið brýnna en nú að taka höndum saman til að verja einkarekstur og samkeppni þegar viðhorf breytast og ríkið tekur yfir margháttaða starfsemi. Og þótt sagt sé við okkur að stjórnvöld hafi engan sérstakan áhuga á að taka yfir fyrirtæki þá vitum við að sterk öfl eru ráðandi í íslenskri pólitík sem tala opið um að einkaframtakið hafi fengið „séns“ en brugðist og nú eigi að prófa opinberan rekstur á fleiri sviðum. Það byrjar á bönkum og fjarskiptum og ýmsum innviðafyrirtækjum en getur síðan teygst sig í allar áttir m.a. í sjávarútveginn. Það er ekki langt síðan hugmyndafræðileg barátta fór fram um sölu ríkisferðaskrifstofu og ríkisprentsmiðju og þeir sem voru þá andstæðingar þeirrar einkavæðingar eru nú margir hverjir við stjórnvölinn.

Ef það er planið að lemja niður ungt og vel menntað fólk með sköttum eða niðrandi tali um frumkvæði og dugnað í viðskiptum þá erum við á rangri leið. Það er hvorki skynsamlegt né æskilegt að heil kynslóð ungs fólks stimpli sig út og hverfi til annarra landa.

Við stöndum í dag á tímamótum og þurfum að kljást við risavaxið verkefni. Við þurfum að endurskoða margt í okkar þjóðfélagi, m.a. að efla gagnrýna hugsun og finna leiðir til að efla sjálfstraust fólks í gegnum menntakerfið. Það má ekki gerast að vonleysi skjóti rótum meðal ungs fólks, langvinn heift nái að grafa um sig og efasemdir um Ísland!

Ágætu gestir,

Síðasti vetrardagur og sumardagurinn fyrsti á morgun.

Hér inni eru fulltrúar fyrirtækja sem eru með um 50-60 þúsund manns í vinnu. Það eru þessi fyrirtæki sem skapa störfín. Það eru íslensk fyrirtæki í íslensku umhverfi sem skapa þurfa þau störf sem þörf er á á komandi árum. Munum það. Verkefni okkar er stórt og ábyrgðin mikil.

Við getum með sameiginlegu átaki gert margt þótt við séum í afar þröngri stöðu. Þýðingarmesta verkefni okkar er að stuðla að víðtækri sátt um stöðugleika; halda fyrirtækjunum gangandi, leita tækifæra í kreppunni og fjölga störfum. Með því að leggja kapp á góðan grunnrekstur, minna stöðugt á að frelsi okkar er ekki á ábyrgð annarra og leita tækifæra til að skapa störf þá endurreisum við traust á viðskiptalífið.

Við þurfum áfram að skoða möguleika á að bjóða starfsfólki hlutastörf í stað uppsagna, aflögufært fólk og fyrirtæki eiga að fara í framkvæmdir og fara í nýsköpun því nóg er af góðu fólk til þess að taka slíkum áskorunum. Við eigum að bjóða ungu fólk í starfsnám og koma í veg fyrir að ný kynslóð mæli göturnar í sumar og í haust.

Það eru tækifæri í þessari kreppu, tækifæri til að gera betur. Setjum framfaramálin í viðskiptalífinu af alvöru upp á borðið. Allt frá meiri fjölbreytni í stjórnnum fyrirtækja, eigin reglur okkar um stjórnarhætti og aukið innra eftirlit, miklu meiri áherslu á gæði af öllum tegundum.

Lærum af útrásinni og skynjum að þau verkefni sem uppúr standa eru með kunnuglegum einkennum sem alls staðar hafa virkað. Fyrirtækin hafa verið langhlauparar, aflað sér reynslu um áratugaskeið, vaxið nokkuð jafnt og verið leiðandi á sínum sviðum í okkar heimshluta eða í heiminum. Þarna eigum við að efla okkur enn frekar.

Tækifærin fyrir okkur leynast víða. Ferðapjónustan vex ört hérlendis. Getur hún orðið ný stoð í íslenskri kauphöll? Getum við byggt enn frekari klasa í kringum sjávarútveg eða heilsu eða orku? Getur hönnun eða afþreyingariðnaðurinn í víðasta skilningi orðið á meðal helstu útflutningsgreina okkar? Hvað eigum við mörg Marel í litlum nýsköpunarfyrirtækjum sem eru þegar starfandi en þurfa að fá tíma til að vaxa jafnt og þétt í nokkur ár til viðbótar?

Styrkleiki okkar liggur meðal annars í miklum náttúruauðlindum, sterkum lífeyrissjóðum, mikið af ungu fólk – hlutfallslega meira en hjá flestum Evrópuþjóðum og hárrí fæðingartíðni, jafnvel í kreppu. Þetta teljast öfundsverðar langtímahorfur.

Helsti styrkleiki þjóðarinnar liggur í hugarfarinu; jákvæðu viðhorfi til vinnu og frumkvæðis - einni mestu atvinnuþátttöku sem þekktist í vestrænu landi. Missum ekki þennan styrkleika niður. Eflum stofnanir sem hvetja ungt fólk til dáða hvort sem um er að ræða lista- og menningarstarfsemi, háskóla og framhaldsskóla og sköffum spennandi störf fyrir þetta unga fólk og alla þá sem misst hafa atvinnuna sem allra fyrst.

Ef við fáum umhverfi stöðugleika sem talar ekki niður frumkvæði einstaklinga, vaxtastig í samræmi við nágrannalönd, eðlilega bankastarfsemi og haftalausán gjaldeyrismarkað þá getum við brett upp ermar og skapað 20 þúsund störf fyrir árið 2015.

Ég vil vera hér á fundi Samtaka atvinnulífsins eftir 2 ár og heyra þá sagt að íslenskt atvinnulíf hafi sýnt einstakan kraft á erfiðum tímum og náð með góðu samstarfi við starfsmenn og þjóðfélagið allt að rífa okkur upp úr erfiðustu bankakreppu sem gengið hefur yfir vestrænt land síðastliðin 80 ár.

Mig langar til þess að segja við börnin mín þegar þau fara út á vinnumarkaðinn eftir rúmlega áratug að íslenskt atvinnulíf hafi nýtt tækifærið eftir kreppuna miklu til þess að byggja gæðafyrirtæki og vel launuð og fjölbreytt störf.

Atvinnulífið skapar störf.
Þór Sigfússon